

Fréttatilkynning til Kauphallar Íslands:

Árshlutareikningur RARIK fyrstu sex mánuði ársins 2020

Hagnaður af starfsemi RARIK nam 424 milljónum króna á fyrri helmingi ársins, sem er um 66% lækkun á milli ára.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á fyrri hluta ársins 2020 var 1.039 milljónir króna en var 1.616 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2019. Rekstrartekjur lækkuðu um 2,3% miðað fyrri ár og rekstrargjöld með afskriftum hækkuðu um 5,7% og voru hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna mikilla tjóna í ársbyrjun.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 1.014 milljónir króna á tímabilinu, samanborið við 735 milljónir króna fyrri hluta ársins 2019. Hækkunin skýrist aðallega af gengisbreytingum.

Áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets voru jákvæð um 404 milljónir króna, samanborið við 538 milljónir króna á fyrri hluta síðasta árs.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður á tímabilinu 424 milljónir króna samanborið við 1.243 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2019.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 2.256 milljónir króna eða 27,6% af veltu tímabilsins, samanborið við 32,5% af veltu á sama tímabili árið áður. Hreint veltufé frá rekstri, fyrir vexti og skatta, var 2.195 milljónir króna samanborið við 2.640 milljónir króna á sama tímabili árið 2019.

Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2020 námu 69.450 milljónum króna og heildarskuldir námu 23.556 milljónum króna. Eigið fé nam 45.894 milljónum króna og eiginfjárlutfall því 66% samanborið við 64% í ársbyrjun.

Fjárfestingar ársins eru áætlaðar um 7,4 milljarðar, sem er talsvert meira en undanfarin ár.

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2020 eru ágætari, en Kórónaveiran veldur ákveðinni óvissu. Fjárhagsleg áhrif Kórónaveirunnar á rekstur RARIK eru ekki veruleg eins og stendur, en vænta má að þau muni fylgja því hver verður framtíðarþróun efnahagslífsins hér á landi. Faraldurinn veldur áfram margvíslegri óvissu í rekstri RARIK, en allar aðgerðir miðast við að tryggja áfram öryggi í rekstrinum og að halda starfseminni eins lítið breyttri og mögulegt er.

Gert er ráð fyrir að afkoma fyrir fjármagnsliði á seinni hluta ársins verði í samræmi við áætlanir. Ekki er búist við sambærilegum áföllum vegna tjóna á seinni hluta ársins og fyrirtækið varð fyrir á fyrri hluta þess, sem voru meiri en verið hafa síðustu tvo áratugi. Gert er ráð fyrir að heildarafkoma fyrirtækisins verði betri á seinni árhelmingi þessa árs og því jákvæð á árinu 2020.

Árshlutareikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

Helstu stærðir samstæðureiknings eru sýndar í meðfylgjandi viðhengi.

Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, allar fjárhæðir í milljónum króna.

	jan-jún 2020	jan-jún 2019	jan-jún 2018	jan-jún 2017	jan-jún 2016	jan-jún 2015	jan-jún 2014
Rekstrartekjur	8.170	8.365	8.354	7.182	7.399	6.633	6.428
Rekstrargjöld	7.131	6.749	6.643	6.115	5.757	5.370	4.770
Rekstrarhagnaður	1.039	1.616	1.711	1.067	1.642	1.263	1.658
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1.014	-735	-447	-252	-446	-548	-424
Áhrif hlutdeildarfélags	404	538	373	257	-75	354	277
Hagnaður/tap fyrir skatta	429	1.419	1.637	1.072	1.121	1.070	1.512
Tekjuskattur	-5	-176	-253	-163	-239	-143	-247
Hagnaður	424	1.243	1.384	909	882	927	1.265
Eignir samtals	69.450	67.530	63.939	57.010	60.946	48.838	46.964
Eigið fé	45.894	42.732	38.961	36.077	35.661	30.112	28.098
Skuldir	23.556	24.798	24.978	20.933	25.285	18.727	18.866
Handbært fé frá rekstri	1.423	1.790	1.559	1.627	1.744	1.362	1.341
Greidd vaxtagjöld	346	366	301	317	315	352	357
EBITDA	2.256	2.715	2.659	1.975	2.500	2.071	2.455
Vaxtaþekja	6,52	7,42	8,83	6,23	7,94	5,88	6,88
Eiginfjárlutfall	66,1%	63,3%	60,9%	63,3%	58,5%	61,7%	59,8%

Árshlutareikningur RARIK fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2020 var samþykktur á fundi stjórnar þann 27. ágúst 2020.

Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK í síma 528-9000.